

**Mál nr. 311/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Heiti váttryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. október 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. nóvember 2022.

**Málsatvik.**

M féll í hálku þegar hún var við vinnu sína í X sem starfrækir verslun í því húsnæði. M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið nýkomin til vinnu rétt eftir kl.9 að morgni þegar verslunarstjóri X hafi beðið hana um að vísa gestum að útisalerni. M kveðst hafa gengið út á ramp sem hafi verið þakinn snjó og runnið aftur fyrir sig á rass og bak og auk þess skolið með hnakkann á rampinn. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram af hálfu X að M hafi runnið til á rampi og þann dag hafi verið rigning sem frosið hafi verið jörðu og flughálka myndast á skömmum tíma.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem á X sem vinnuveitanda og sem rekstraraðila mannvirkis hafi hvílt athafnaskyldur að sjá til þess að aðbúnaður húsnæðis væri þannig að ekki hlytist tjón af. M bendir auk þess á að starfsemi X sé rekin í hagnaðarskyni og byggist á að fá innlenda og erlenda viðskiptavinum í verslun sína, sakarmat þeim mun ríkari skyldur hafi því hvílt á X að sinna hálkuvörnum á tjónsdegi, snjóað hafi dagana á undan og ekki sé sýnt að X hafi sinnt hálkuvörnum með fullnægjandi hætti. M bendir auk þess að bág birtuskilyrði og slæm útilýsing hafi verið á vettvangi. Einnig bendir M á að vanrækt hafi verið að tilkynna um slys hennar til Vinnueftirlitsins en X hafi borið skylda til þess skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því að leggja lýsingu M af aðstæðum til grundvallar. Einnig vísar M til þess að X hafi ekki gætt nægilega háttænisreglna í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og í lögum nr. 46/1980. Þessu til viðbótar er skorað á X að upplýsa um hvort samningur milli X og annarra atvinnurekenda í „Hakinu“ er lýtur að öryggi, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, eða eftir atvikum veita aðgang að honum.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M og telur engan ágreining um tildrög slyss hennar, þ.e. að M hafi runnið á rampi vegna hálku og vísar til tilkynningar X til Vinnueftirlitsins um að flughálka hafi myndast á skömmum tíma vegna veðuraðstæðna. V vísar einnig til þess að almennt verði fólk að gera ráð fyrir að slíkar aðstæður geti myndast og engar tilkynningar hafi borist um önnur slys vegna hálku sama dag. V vísar til þess að verklag sé með þeim hætti að helstu gönguleiðir séu sandaðar, þar á meðal umræddur rampur, alla morgna fyrir opnun og það hafi verið gert þann morgun sem M slasaðist. Einnig vísi X til þess að ljóskastarar lýsi á rampinn og ekki hafi verið kvartað yfir lýsingu eða aðgengi að verslun X. V telur því ósannað að hægt sé að rekja líkamstjón M til vanrækslu á hálkuvörnum eða annarra aðstæðna sem X ber ábyrgð.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M frá 11. nóvember 2022 er því mótmælt að slys M hafi orðið vegna hennar aðgæsluleysi og bent er á að háttsemi M sem tjónþola komi einungis til skoðunar ef skilyrði 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 eru uppfyllt um stórkostlegt gáleysi eða ásetning M. Einnig er bent á að ekki liggi fyrir sönnunargögn um verklag X á slysdegi varðandi hálkuvarnir og beri X hallann af slíkum sönnunarskortum vegna vanrækslu á að hafa tilkynnt slys M til Vinnueftirlitsins.

**Álit.**

Af gögnum málsins má ráða að óumdeilt sé að M var í vinnu hjá X þegar hún féll aftur fyrir sig hinn 21. nóvember 2021 á rampi sem liggur úr úr húsnæði hvar verslun X er starfrækt. Ágreiningur liggur helst í því hvort snjóað hafi yfir hálku á rampinum þannig að hún hafi ekki verið sýnileg M eða hvort hálka hafi myndast skyndilega vegna veðuraðstæðna. Við mat á sönnun atvika verður annars vegar að líta til þess að X vanrækti að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins þegar í ljós kom að hún yrði óvinnufær í meira en einn dag vegna þess, sbr. 1. málslíður 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í málsgögnum kemur þó fram að X hafi tilkynnt innan sjö daga skriflega um slysið eða 25. nóvember 2021. Engin skrifleg

skýrsla liggur fyrir þar sem framburður M af atvikum kemur fram. Kemur þó fram í umboði hennar til lögmanns dags. 14. júní 2022 að hún hafi „gengið eftir stétt sem snjó og rann á svelli sem var undir snjónum.“ Í læknisfræðilegum gögnum kemur einnig fram að M hafi gengið á snjóþöktum rampi þegar hún datt aftur fyrir sig. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að salt eða sandur hafi verið borinn á rampinn, annað en það sem haft er eftir X í bréfi V til nefndarinnar dags. 24. október 2022.

Þó frásögn M af atvikum sé lögð til grundvallar, er ekki þar með sagt að sýnt sé að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi. Frásögn M lýtur að því að rampur sem hún gekk út á hafi verið snæviþakinn og hálka á honum. Ekkert liggur fyrir um að aðstæður hafi verið sérstaklega varhugaverðar þennan dag þannig að öðrum starfsmönnum X hafi mátt vera ljóst að sérstakar almennar varúðarráðstafanir hafi þurft að gera áður en gengið var út á áðurnefndan ramp. Vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir m.v. fyrirbyggjandi sönnunargögn að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hafi verið gerðar eftir slysið eða hefðu þær verið gerðar fyrir slysið að það hefði komið í veg fyrir fall M. Verður því ekki talið nægilega sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M hinn 21. nóvember og verði það rakið til óhappatilviks og greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir